

Námsgrein: Stærðfræði

Hópur: 0. - 4. bekkur

Kennari: Þórunn Björg Arnórsdóttir og Theodóra Kristjánsdóttir

Kennsluhættir: Samkennsla og einstaklingsmiðað nám. Innlagnir, umræður og einstaklingsvinna í bland við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. hópavinnu, leiki, þrautir og útikennslu. Áhersla á talnaskilning og vönduð vinnubrögð bæði í einstaklings- og hópavinnu.

Námsmat: Kannanir eða verkefni við lok hvers kafla/ viðfangsefnis. Símat á verkefnum, virkni og áhuga nemenda í kennslustundum. Umsögn í lok hvorrar annar.

Námsefni: Sprotabækurnar bæði nemendabækur og æfingaheftin, Stærðfræðispæjarar, ýmislegt aukaefni frá kennara s.s. æfingaspjöld með QR kóða og forrit í iPad t.d. Kahoot og Quizlet.

Viðfangsefni og verkefni, misjafnar áherslur eftir aldri og stöðu nemenda:

- Talnaskilningur (mikil áhersla hjá 0. - 1. bekk)
- Samlagning og frádráttur (áhersla á að geyma og taka til láns hjá 4. bekk)
- Mælingar (þyngd, lengd, tími)
- Margföldun og deiling (4. bekkur)
- Hnitakerfið (4. bekkur)
- Almenn brot (4. bekkur)

Í Hríseyjarskóla eru nemendur leiðtogar í eigin námi og því eru hæfniviðmið sem snúa að almennri framkomu og vinnulagi í tímum metin í öllum fögum yfir skólaárið. Markmiðin eru að nemendur:

- Taki ábyrgð á eigin námi og nýti tímann sinn vel í skólanum.
- Virði vinnufrið annarra.
- Vinni með öðrum og sýni jákvæðni í samskiptum.
- Leiti upplýsinga, lesa sér til gagns og vinni sjálfstætt.
- Fari eftir fyrirmælum, sýni vönduð vinnubrögð og skili verkefnum á réttum tíma.

Hæfniviðmið í stærðfræði: <https://vefir.mms.is/namsmat/pdf/haefnividmid/staerdfraedi/staerdfraedi.pdf>